

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, B-áfanga.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. mars 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, B-áfanga.

Breytingin tekur til Sjafnarness 9 og felur í sér að afmörkuð er 22,9 fm lóð fyrir dreifistöð raforku innan lóðarinnar. Lóð Sjafnarness 9 minnkar sem því nemur.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ekki var talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. laganna, og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 13. mars 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 27. mars 2026